



Ávarp forseta Íslands

Fornar sögur greina frá fundi Íslands fyrir röskum 1100 árum. Þær rekja stofnun þings og þjóðveldis á Þingvöllum, flytja frásagnir af orðræðum um lagasetningu og dóma, fylgissöfnun höfðingja meðal frjálsra bænda, baráttu um völd og orðstír.

Íslendingasögurnar voru skráðar á skinn af stúlnillingum sem fæstir létu nafn síns getið. Þær urðu uppspretta fróðleiks og vísku, skemmtunar og málsnilli. Þær skópu menningarauðlind sem varð lítilli þjóð við nyrsta haf dýrmætur fjársjóður. Þær fóstruðu hugmyndir sem á þessari öld færðu Íslendingum sjálfstæði í samfélagi þjóðanna.

Í raun eru Íslendingasögurnar einstæðar bókmenntir sem helst er hægt að jafna við forn rit Grikkja og Rómverja. Höfundar þeirra stóðu traustum fótum í norrænum og germönskum sagnaarfi en leituðu einnig fanga víðsvegar í evrópskri samtímamenningu. Þeir lýstu örlögum einstaklinga og margslungnu samfélagi, hetjudáðum og harmleikjum. Íslendingasögurnar færa okkur mannvit og vísýni, sígildan sannleika sem á erindi við alla menn á öllum tímum.

Þegar Evrópa laut lögmálum kirkju og latneskrar tungu á miðöldum sátu Íslendingar í torfbæjum og sömdu á eigin tungu ódauðlegar bókmenntir. Sögusvið þeirra var ekki aðeins Ísland heldur einnig Evrópa frá Hvítahafi til Spánarstranda, frá Miklagarði til Grænlandsjökuls. Þeir gáfu vestrænni menningu nýja vídd sem á okkar tíð er ferskari en margt annað sem skráð var á fyrri öldum.

Það sannar að sóknarhugur býr áfram með íslenskri þjóð að ungir menn af bændaættum skuli efna til samstarfs virtra fræðimanna um víða veröld til að gefa heildarsafn Íslendingasagna út á enskri tungu.

Það er við hæfi að forlagið beri nafn Leifs Eiríkssonar, Íslendingsins sem sigldi vestur um haf og fann árið 1000 heimsálfu sem hann nefndi Vínland en síðar fékk heitið Ameríka. Frásagnir af þeirri hetjuför er einnig að finna í þessum sögum.

Ég óska útgefendum, fræðimönnum, þýðendum og öllum aðstandendum til hamingju með það þrekvirki að opna nú fólki sem læst er á enska tungu aðgang að gjörvallri veröld Íslendingasagna.

Sú veröld hefur fóstrað okkur Íslendinga vel. Ég vona að hún verði nú heiminum öllum til gagns og gleði.